# INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

## Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

## ÁRSSKÝRSLA 2014

# INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

## Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

## ÁRSSKÝRSLA 2014

Ársskýrsla 2014
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga
Sölvhólsgötu 7
150 Reykjavík
2015/09 Prentun: Oddi umhverfisvottað fyrirtæki

## Tímabært að hrinda breytingum á regluverki í framkvæmd



Enn á ný er blásið til ársfundar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Hér þarf ekki að fara mörgum orðum um hlutverk og gagnsemi Jöfnunarsjóðsins þar sem hann hefur svo margsannað gildi sitt gegnum árin. Það er sú heildarmynd sem blasir við okkur og sem við getum verið sammála um. Hitt getum við svo rætt endalaust hvort og þá hvernig gera má enn betur þegar við horfum til regluverksins. Og eins og svo oft þegar við ræðum umbætur þá snúast þær um fjármagn.

Ársskýrslan gefur góða mynd af umfangi Jöfnunarsjóðs. Í ársreikningnum má sjá að staðan er góð og að festa og aðhald er með öllum kostnaði. Um Jöfnunarsjóð fara miklir fjármunir og starfsfólk hans axlar vel þá ábyrgð að ráðstafa þeim eins og lög og reglur segja. Jöfnunarsjóður kemur víða við og hann hefur verið tæki stjórnvalda til að jafna aðstöðumun íbúa um land allt eins og best má verða. Þannig hefur sjóðurinn staðið undir nafni og rækt skyldur sínar í samræmi við regluverkið.

Hins vegar hefur lengi staðið til að gera umtalsverðar breytingar á regluverkinu öllu og má segja að meðgöngutíminn sé orðinn of langur. Það er löngu runninn upp tími aðgerða á þessu sviði. Ég hygg að óhætt sé að segja að við förum að sjá til lands í þeim efnum.

Ég vil nefna hér að skipaður hefur verið starfshópur sem huga á að eflingu sveitarstjórnarstigsins og er hann um það bil að hefja störf. Þessi hópur er skipaður fulltrúum innanríkisráðuneytis, fjármála- og efnahagsráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga en hugmyndin var kynnt á fundi samstarfsráðs ríkis og sveitarfélaga í vor. Þessi hópur mun án efa einnig líta til starfsemi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í verkefni sínu.

Ég þakka í lokin ráðgjafarnefndinni og starfsfólki Jöfnunarsjóðs fyrir vel unnin störf og óska þeim velfarnaðar.

*Ólöf Nordal*
*innanríkisráðherra*

**Jöfnunarsjóður sveitarfélaga** starfar á grundvelli III. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995 með síðari breytingum. Hlutverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er að jafna mismunandi útgjaldaþörf og skatttekjur sveitarfélaga með framlögum úr sjóðnum á grundvelli ákvæða laga, reglugerða og vinnureglna sem settar eru um starfsemi sjóðsins. Þá greiðir sjóðurinn framlög til samtaka sveitarfélaga, stofnana þeirra og annarra aðila í samræmi við ákvæði laga.

**Innanríkisráðherra** hefur á hendi yfirstjórn Jöfnunarsjóðs en honum til ráðuneytis er 7 manna ráðgjafarnefnd.

## Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga gerir tillögur til innanríkisráðherra um úthlutanir framlaga úr sjóðnum önnur en bundin framlög. Nefndin er skipuð af ráðherra til fjögurra ára að afloknum sveitarstjórnarkosningum.

Með breytingu á 15. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, er tók gildi 16. desember 2014, skipaði innanríkisráðherra í ársbyrjun 2015 sjö manna ráðgjafarnefnd til næstu fjögurra ára. Sex nefndarmenn eru skipaðir samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga en einn nefndarmaður er skipaður án tilnefningar og er hann jafnframt formaður nefndarinnar.

Guðný Sverrisdóttir, fyrrverandi sveitarstjóri í Grýtubakkahreppi, er formaður nefndarinnar. Fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga í nefndinni eru þau Birgir Björn Sigurjónsson, fjármálastjóri Reykjavíkurborgar, Karen E. Halldórsdóttir, bæjarfulltrúi í Kópavogsbæ, Bjarni Jónsson, sveitarstjórnarfulltrúi í Sveitarfélaginu Skagafirði, Sigríður Huld Jónsdóttir, bæjarfulltrúi í Akureyrarkaupstað, Valdimar O. Hermannsson, bæjarfulltrúi í Fjarðabyggð og Ásgerður Gylfadóttir, bæjarfulltrúi í Sveitarfélaginu Hornafirði.

Nýskipuð ráðgjafarnefnd sjóðsins kom saman til fyrsta fundar 27. mars 2015.

Fráfarandi ráðgjafarnefnd eru færðar alúðarþakkir fyrir vel unnin og óeigingjörn störf í þágu sjóðsins en hana skipuðu:

Guðmundur Bjarnason, fyrrv. bæjarstjóri í Fjarðabyggð, var formaður nefndarinnar og hafði gegnt embætti formanns frá ársbyrjun 2008. Fulltrúar Sambandsins í nefndinni voru þau Björk Þorsteinsdóttir, bæjarfulltrúi í Reykjanesbæ, Bjarni Jónsson, sveitarstjórnarfulltrúi í Sveitarfélaginu Skagafirði, Hermann Jón Tómasson, bæjarfulltrúi í Akureyrarkaupstað og Þórunn Egilsdóttir, alþingismaður og sveitarstjórnarmaður í Vopnafjarðarhreppi.

Ráðgjafarnefndin hélt 10 bókaða fundi á árinu þar af var einn fundur haldinn á Akureyri.

Fundargerðir ráðgjafarnefndarinnar eru birtar á vef sjóðsins undir jofnunarsjodur.is/-starfsemi/fundargerdir. Megintilgangur með birtingunni er að upplýsa sveitarstjórnarmenn og starfsmenn sveitarfélaga betur um starfsemi sjóðsins, tillögur nefndarinnar til ráðherra um úthlutanir framlaga og um umfjöllun og afgreiðslu þeirra erinda er berast sjóðnum.

## Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Sjöundi ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga var haldinn 8. október 2014 á Hilton Hótel Nordica í Reykjavík.

Í ávarpi sínu kom Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra m.a. inn á örar breytingar á starfsemi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem nú hefði starfað í um 25 ár. Umfang sjóðsins hefði vaxið mikið og starfsemin eflst til muna með tilkomu nýrra verkefna, nú síðast við yfirfærslu á málefnum fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga.

Ráðherra lét þess getið að til skoðunar væri að fjölga fulltrúum Sambandsins í ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs úr fjórum í sex. Það yrði að teljast sanngjarnt sjónarmið að Reykjavíkurborg og höfuðborgarsvæðið ættu aðkomu að störfum nefndarinnar vegna sívaxandi verkefna sveitarfélaga er tengjast starfsemi sjóðsins.

Ráðherra kom inn á heildarendurskoðun á reglum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem staðið hefði yfir frá ársbyrjun 2009. Ítarlegt samráð yrði haft við sveitarfélögin áður en hafin yrði vinna við smíði frumvarps. Á grundvelli tillagna starfshóps frá árinu 2010 í tengslum við heildarendurskoðun sjóðsins væri hafin könnun á hagkvæmni þess að færa verkefni Innheimtustofnunar sveitarfélaga til ríkisins.

Að lokum greindi ráðherra frá því að í ráðuneytinu stæði yfir vinna við svokallaða *Hvítbók,* stefnumótunarskjal í sveitarstjórnarmálum, þar sem helstu áherslur og áskoranir á vettvangi sveitarstjórnarmála til lengri tíma yrðu dregnar fram. Þar yrði leitað svara við ýmsum spurningum um framtíð sveitarstjórnarstigsins, verkefni skilgreind og mælikvarðar ákvarðaðir fyrir framtíðina.

Auk ávarps ráðherra og kynningar á ársskýrslu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2013 fjallaði Bergur Sigurjónsson, sérfræðingur hjá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, sem unnið hefur að heildarendurskoðun sjóðsins, um tekjur og gjöld sveitarfélaga, eðli og markmið jöfnunarkerfa og hvernig aukið sjálfstæði sveitarfélaga kalli á aukna þörf fyrir jöfnunarkerfi milli sveitarfélaga. Jafnframt gerði Bergur grein fyrir þeim grundvallarbreytingum sem ráðgerðar eru á jöfnunarkerfinu og stöðu mála hvað þær breytingar varðar.

Guðni Geir Einarsson, sérfræðingur hjá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, fjallaði um endurmat á yfirfærslu á þjónustu við fatlað fólk. Gerði hann grein fyrir innleiðingu jöfnunarkerfisins sem væri nú komið að fullu til framkvæmda og færði rök fyrir því að þörf væri á að sérstakt matskerfi væri til staðar við innleiðinguna. Guðni Geir gerði grein fyrir SIS matinu fyrir fullorðna sem tekið var í notkun á árinu 2010 og þörf þess að endurtaka matið á árinu 2014. Einnig kom Guðni Geir inn á mikilvægi þess að SIS matið fyrir börn, sem nú væri í vinnslu, væri tekið í notkun sem allra fyrst.

## Fundur með forstöðumönnum skólaskrifstofa

Árlegur fundur ráðgjafarnefndar sjóðsins með forstöðumönnum skólaskrifstofa og grunnskólafulltrúum sveitarfélaga var haldinn 28. nóvember 2014 á Grand hótel Reykjavík.

Kristín Jóhannesdóttir, skólastjóri í Fellaskóla í Breiðholti, fjallaði um áskoranir og tækifæri í fjölmenningarlegu skólastarfi. Kristín kom m.a. inn á að starfsumhverfi Fellaskóla væri mjög fjölmenningarlegt og litaðist skólastarfið mjög af því enda talar meiri hluti nemendanna annað tungumál en íslensku. Í skólanum væri litið svo á að móttaka og kennsla innflytjenda væri ekki einkamál þeirra kennara sem kæmu að kennslu þeirra heldur sameiginlegt verkefni allra þeirra sem með börnunum starfa. „Mikilvægast í þessu samhengi öllu væri að setja líðan nemendanna í öndvegi og væru upplýsingar og fræðsla til nemenda, foreldra, skóla og alls nærumhverfis einn aðalhornsteinninn í því sambandi. Með nýjum áskorunum í skólastarfi á undanförnum árum, hvað fjölmenningu varðar, hafa ný viðhorf til lífsgilda og umburðarlyndis fengið aukið vægi.“

Hulda Karen Daníelsdóttir, verkefnastjóri og kennsluráðgjafi, gerði grein fyrir þeim þróunarverkefnum sem hún hefði unnið að á árinu með aðkomu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og tengjast íslensku sem öðru tungumáli. Hún greindi frá framgangi átaksverkefnisins *Farandkennari á ferð um landið* en verkefninu er ætlað að efla samskipti og samvinnu skóla og heimila. Hulda Karen ræddi um *Pals-stærðfræðiverkefnið* sem gengi mjög vel og fram kom að búið væri að þýða það yfir á íslensku. Í lok yfirferðar sinnar vakti Hulda Karen athygli á tölvusvæði *Tungumálatorgsins* sem inniheldur nokkurs konar talgervil á íslensku og ýmsum tungumálum og er hjálpartæki við móttöku nemenda og í tengslum við samskipti nemenda og kennara.

Tryggvi Sigurðsson, sérfræðingur hjá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, fjallaði um SIS mat fyrir börn. Fram kom að þýðingu og staðfærslu matsins væri nú lokið og unnið væri að því að undirbúa innleiðingu á matinu með öflun tilskilinna leyfa og þjálfun matsmanna. Tryggvi gerði grein fyrir helstu þáttum sem matið byggðist á. Einn þeirra þátta væri mæling á stuðningsþörf við nám og væri ætlunin að nýta þann þátt matsins til að leysa af hólmi vinnu- og viðmiðunarreglur sjóðsins sem hefðu verið notaðar við úthlutun framlaga vegna sérþarfa fatlaðra grunnskólanemenda og væru orðnar barn síns tíma.

## Starfsmenn

Á árinu 2014 voru starfsmenn Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fjórir í fullu starfi. Þau Elín Pálsdóttir forstöðumaður, Elín Gunnarsdóttir sérfræðingur, Guðni Geir Einarsson sérfræðingur og Halldór V. Kristjánsson stjórnsýslufræðingur. Í maí 2013 var Bergur Sigurjónsson hagfræðingur ráðinn tímabundið til starfa sem sérfræðingur hjá sjóðnum. Aðalverkefni hans hefur verið að vinna að framkvæmd tillagna starfshóps um heildarendurskoðun Jöfnunarsjóðs frá því í júní 2010. Halldór V. Kristjánsson sem starfað hefur hjá sjóðnum sl. 7 ár hefur nú lokið störfum og hefur Bergur verið fastráðinn í hans stað. Halldóri eru þökkuð afar vel unnin og farsæl störf í þágu sjóðsins og Bergur boðinn velkominn til starfa.

## Heildarendurskoðun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Frá ársbyrjun 2009, þegar þáverandi samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra skipaði starfshóp um heildarendurskoðun á laga- og reglugerðarákvæðum um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, hefur verið unnið að nýju regluverki fyrir sjóðinn. Unnið hefur verið eftir skýrslu sem starfshópurinn gaf út árið 2010 og hafa allnokkrir þættir úr þeirri skýrslu þegar verið innleiddir.

Vinna við heildarendurskoðun á Jöfnunarsjóði sveitarfélaga hélt áfram á árinu 2014. Frá síðasta ársfundi hafa ýmsir möguleikar verið ræddir ásamt því að áfram hefur verið unnið að ytri og innri greiningu á nýju líkani sjóðsins.

Fljótlega eftir síðasta ársfund sjóðsins var leitað eftir því við Hagfræðistofnun Háskóla Íslands að stofnunin myndi rýna hugmyndir starfshópsins um nýtt reiknilíkan sjóðsins. Næstu mánuði vann Hagfræðistofnun að skýrslu þar sem farið var yfir kosti og galla nýja líkansins. Kom Hagfræðistofnun á fund með starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þar sem farið var yfir núverandi líkan, sem og hugmyndafræði að nýju líkani. Í skýrslu stofnunarinnar sem skilað var til sjóðsins í desember sl. var niðurstaðan sú að nýtt reiknilíkan hefði ýmsa kosti umfram núverandi reiknilíkan. Helstu kostirnir voru sagðir vera að útdeiling framlaga yrði í meira samræmi við raunverulega þörf og útgjöld sveitarfélaga. Einnig væri kerfið bæði einfaldara og gegnsærra sem auðveldaði greiningu á áhrifum þess á ýmsa hvata sveitarfélaga.

Í janúar sl. komu starfsmenn sveitarstjórnarráðuneytisins í Noregi, sem sjá um jöfnunar-aðgerðir (Kommunal- og regionaldepartementets), í heimsókn til Íslands. Þar voru á ferð þrír sérfræðingar sem vinnuhópur vegna heildarendurskoðunar Jöfnunarsjóðs sveitar-félaga hafði heimsótt til Noregs í janúar 2014. Var tækifærið notað og sérfræðingarnir fengnir til að kynna upplýsingatæknikerfi sem Norðmenn nota og þá ferla sem þeir nýta sér við upplýsingaöflun. Í kynningunni kom fram hvernig upplýsingum frá sveitarfélögum er öllum safnað í sameiginlegan gagnagrunn. Stofnanir geta sótt upplýsingar í þennan grunn og minnkar það áreiti á sveitarstjórnir þar sem hinar ýmsu stofnanir þurfa að leita eftir sömu eða sambærilegum upplýsingum.

Hugmyndir starfshópsins um nýtt reiknilíkan Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga var kynnt fyrir norsku sérfræðingunum. Aðferðin sem notuð er vegna kostnaðarviðmiða í nýja líkaninu er fengin að láni frá Norðmönnum en notkun á viðmiðunum er með öðrum hætti í reikniverki Norðmanna.

**Jöfnunarframlög**

Í nýja reiknilíkaninu eru öll stærstu jöfnunarframlög sjóðsins sameinuð í eitt stórt jöfnunarframlag að undanskildu almennu jöfnunarframlagi vegna þjónustu við fatlað fólk. Með því verður sjóðurinn ekki eins hólfaskiptur sem auðveldar að greina áhrif breytinga á framlög til sveitarfélaga.

Útgjaldajöfnunarframlag sjóðsins rennur inn í þetta nýja jöfnunarframlag. Kostnaðarviðmið sem notuð eru í núverandi líkani eru uppfærð og aldurshópum fjölgað. Með þessu er komist nær raunverulegum útgjöldum á hvert aldursbil. Hagkvæmnilínan sem notast er við í núverandi framlagi er afnumin. Í staðinn er notast við aðhvarfsgreiningu á kostnað á íbúa. Þessi aðferð býr til innbyggða stærðarhagkvæmni í framlagi á hvern íbúa sveitarfélags.




Mynd 1: Hagkvæmnilína í útgjaldajöfnunarframlagi

Tekjujöfnunarframlagið rennur einnig inn í nýja framlagið. Í nýju líkani eru tekjur teknar inn áður en fjármagni er dreift. Þannig koma tekjur af útsvari og fasteignasköttum inn í jöfnunarframlagið.

Almennt jöfnunarframlag til reksturs grunnskóla rennur einnig inn í nýja framlagið. Aðferðafræði við útreikning almenna framlagsins svipar að miklu leyti til endurskoðaðrar aðferðafræði sem notuð er til að meta kostnað á íbúa. Í stað þess að nota aðeins kennslustundir á nemanda er notast við kostnað á íbúa. Kostnaðarviðmið í nýja jöfnunarframlaginu tekur tillit til að kostnaður sveitarfélaga af rekstri grunnskóla er hlutfallslega hár og því fá börn og unglingar á grunnskólaaldri hátt vægi í nýja líkaninu.




Mynd 2: Kostnaður á íbúa fer lækkandi eftir stærð sveitarfélaga

Þungur rekstur þjónustusvæða/sveitarfélaga vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðs fólks gerir það að verkum að nauðsynlegt er að fara rólega í breytingar á núverandi reiknilíkani sjóðsins. Þegar fjármagn fer á hreyfingu og því dreift upp á nýtt er óhjákvæmilegt að sum sveitarfélög verði fyrir lækkun framlaga en önnur sveitarfélög fá hækkun. Því er mjög mikilvægt að skýra vel út hver hugsunin er á bak við nýja líkanið og hvaða forsendur liggi að baki þeim lækkunum eða hækkunum sem kunna að verða á framlögum sjóðsins til sveitarfélaga.

## Húsaleigubætur

Á árinu 2014 var áfram unnið að nýju húsnæðisbótakerfi sem innleitt er í áföngum. Kerfinu er ætlað að auka húsnæðisstuðning við leigjendur þannig að hann verði jafnari hins opinbera við kaupendur íbúðarhúsnæðis innan vaxtabótakerfisins.

Á grundvelli ákvæða tímabundins samkomulags ríkisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga um húsaleigubætur, er gilti frá 1. apríl 2008 til 31. mars 2010, hefur ríkið árlega lagt fram sérstakt viðbótarfjármagn í Jöfnunarsjóð til að standa undir 60% kostnaðarþátttöku sinni í hækkun grunnfjárhæða almennra húsaleigubóta og til greiðslu sérstakra húsaleigubóta. Á árinu 2014 nam framlagið 1.668 m.kr. vegna þessa.

Á árinu 2014 var áfram unnið á grundvelli reglugerðar, nr. 1205/2012, um breytingu á reglugerð velferðarráðuneytisins um húsaleigubætur, nr. 118/2003, með síðari breytingum, er tók gildi 1. janúar 2013 og náði til tekjuskerðingarmarka, tekjuskerðingarhlutfalls og grunnfjárhæðar bótanna. Sá kostnaðarauki sem hefur hlotist af þessari breytingu á reglugerð velferðarráðuneytisins er alfarið borinn af ríkissjóði. Á árinu 2013 var sérstaka viðbótarframlagið frá ríki vegna húsaleigubótanna því hækkað um 1.000 m.kr. eða úr 1.668 m.kr. í 2.668 m.kr. og var svo einnig á árinu 2014.

Á árinu 2015 hækkar viðbótarframlagið síðan um 400 m.kr. eða úr 2.668 m.kr. í 3.068 m.kr. vegna áframhaldandi aðlögunar að nýju húsnæðisbótakerfi sem áætlað er að komi til framkvæmda á árinu 2016.

Endanleg kostnaðarþátttaka Jöfnunarsjóðs í greiðslum sveitarfélaga á almennum húsaleigubótum nam 68% á árinu 2014.

Í kjölfar breytingar á reglugerð velferðarráðuneytisins um húsaleigubætur 1. janúar 2013 áætluðu sveitarfélögin að bótaþegum, hvað almennu bæturnar varðar, mundi fjölga um 2.000 milli áranna 2013 og 2014. Sú áætlun gekk ekki eftir og var fjölgunin 977. Hins vegar urðu raungreiðslur sveitarfélaga ívið hærri en áætlað hafði verið eða 4.617,9 m.kr. í stað 4.571,1 m.kr. sem gefur til kynna að greiðslur á einstakling hafa orðið mun hærri en áætlað var.

Eins og fram kemur í töflunni hér á eftir þá áætla sveitarfélögin á ný að bótaþegum sem njóta almennra húsaleigubóta fjölgi um 2.000 milli áranna 2014 og 2015.

Engin breyting hefur verið gerð á greiðslum framlaga úr Jöfnunarsjóði vegna sérstakra húsaleigubóta frá gildistöku samkomulags ríkis og sveitarfélaga um húsaleigubætur frá 1. apríl 2008 en kostnaðarþátttaka ríkisins nemur 60%.

Áætlanagerð sveitarfélaga um fjölda bótaþega og raungreiðslur sveitarfélaga vegna sérstakra húsaleigubóta gekk eftir á árinu 2014.

Hvað árið 2015 varðar áætla sveitarfélögin að bótaþegum sem njóta sérstakra húsaleigubóta fjölgi um 293.

**Almennar húsaleigubætur: Þróun fjölda bótaþega og raungreiðslna sveitarfélaga**

| | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 | Áætlun 2015 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Fjöldi bótaþega** | | | | | | |
| Almennar íbúðir | 7.422 | 7.315 | 7.148 | 7.859 | 8.489 | 9.412 |
| Félagslegar íbúðir | 3.784 | 4.177 | 4.078 | 3.795 | 3.894 | 4.320 |
| Námsgarðar/heimavistir | 1.993 | 2.076 | 2.170 | 2.249 | 2.516 | 3.122 |
| Sambýli | 513 | 487 | 490 | 482 | 463 | 522 |
| Bótaþegar samtals | 13.712 | 14.055 | 13.886 | 14.385 | 15.362 | 17.376 |
| **Raungreiðslur í m.kr.** | | | | | | |
| Almennar íbúðir | 1.940,7 | 1.946,5 | 1.928,6 | 2.442,2 | 2.638,9 | 2.857,8 |
| Félagslegar íbúðir | 982,5 | 1.064,6 | 1.070,4 | 1.159,7 | 1.217,3 | 1.272,2 |
| Námsgarðar/heimavistir | 433,4 | 452,7 | 489,4 | 583,8 | 664,8 | 736,6 |
| Sambýli | 67,5 | 66,8 | 79,4 | 94,6 | 96,9 | 115,5 |
| Greiðslur samtals m.kr. á verðlagi hvers árs | 3.424,1 | 3.530,6 | 3.567,8 | 4.280,3 | 4.617,9 | 4.982,1 |

**Sérstakar húsaleigubætur: Þróun fjölda bótaþega og raungreiðslna sveitarfélaga**

| | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 | Áætlun 2015 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Fjöldi bótaþega** | | | | | | |
| Almennar íbúðir | 1.472 | 1.677 | 1.835 | 2.055 | 2.373 | 2.865 |
| Félagslegar íbúðir | 1.977 | 2.045 | 2.107 | 2.216 | 2.427 | 2.607 |
| Námsgarðar/heimavistir | 23 | 31 | 32 | 59 | 92 | 137 |
| Sambýli | 1 | 3 | 5 | 8 | 21 | 33 |
| Bótaþegar samtals | 3.473 | 3.756 | 3.979 | 4.338 | 4.913 | 5.642 |
| **Raungreiðslur í m.kr.** | | | | | | |
| Almennar íbúðir | 400 | 465 | 506 | 578 | 646 | 713 |
| Félagslegar íbúðir | 568 | 592 | 622 | 652 | 683 | 706 |
| Námsgarðar/heimavistir | 3 | 4 | 5 | 9 | 14 | 16 |
| Sambýli | 0 | 0 | 1 | 1 | 3 | 3 |
| Greiðslur samtals m.kr. á verðlagi hvers árs | 971 | 1.061 | 1.133 | 1.240 | 1.346 | 1.438 |

## Efling tónlistarnáms og jöfnun á aðstöðumun nemenda

Þann 1. september 2013 tók gildi viðauki við tímabundið samkomulag ríkis og sveitarfélaga frá 13. maí 2011 um eflingu tónlistarnáms og jöfnun á aðstöðumun nemenda til námsins. Viðaukinn náði jafnframt til samkomulags ríkis og sveitarfélaga frá 5. október 2011 um tímabundna breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Á grundvelli viðaukans var gildistími samkomulags um eflingu tónlistarnáms og jöfnun á aðstöðumun nemenda til námsins og samkomulags milli ríkis og sveitarfélaga um tímabundna breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga framlengdur til 31. desember 2014.

Á gildistíma viðaukans á árunum 2013 og 2014 veitti ríkissjóður árlega 520 m.kr. í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga til greiðslu framlaga á grundvelli reglugerðar, nr. 23/2013, um framlög úr Jöfnunarsjóði til eflingar tónlistarnámi og jöfnunar á aðstöðumun nemenda til námsins. Á móti skuldbundu sveitarfélögin sig til að taka að sér verkefni tímabundið sem áður voru fjármögnuð af ríkinu. Um er að ræða verkefni samtals að fjárhæð 230 m.kr. og var Jöfnunarsjóði sveitarfélaga falið að standa skil á greiðslum sveitarfélaga vegna nýrra verkefna þeirra með því að draga kostnað hvers sveitarfélags frá framlögum úr sjóðnum á grundvelli íbúafjölda 1. janúar á viðkomandi ári.

Eins og getið er um hér að framan rann gildistími viðaukans frá 1. september 2013 út 31. desember 2014. Ekki hefur enn náðst samkomulag um nýjan viðauka en á grundvelli heimildar í fjárlögum fyrir árið 2015 hefur ríkissjóður greitt mánaðarlegt framlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að standa straum af kennslukostnaði sem samkomulagið nær til þ.e. kostnaði vegna söngnáms á miðstigi og söng- og hljóðfæranáms á framhaldsstigi.

Eftir því sem fjárveitingar leyfa er sjóðnum jafnframt heimilt að koma að kostnaði sveitarfélaga vegna nemenda sem stunda nám á grunnstigi í söng og hljóðfæraleik og á miðstigi í hljóðfæragreinum utan síns sveitarfélags vegna framhaldsskólanáms að uppfylltum sérstökum skilyrðum.

Með setningu laga, nr. 72/2015, um breytingu á ýmsum lögum vegna samkomulagsins um eflingu tónlistarnáms og jöfnun á aðstöðumun nemenda til námsins er Jöfnunarsjóði heimilt á árinu 2015 að innheimta hlutdeild hvers sveitarfélags í þeim verkefnum er tilheyra tímabundinni breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

## Viðauki við samkomulag ríkis og sveitarfélaga

Á grundvelli samkomulags ríkis og sveitarfélaga um tilfærslu þjónustu við fatlaða frá 23. nóvember 2010 féllu beinu framlögin frá ríki, sem runnu í Jöfnunarsjóð á árunum 2011 – 2013, niður á árinu 2014.

Þar sem vinna við faglegt og fjárhagslegt endurmat á yfirfærslunni dróst á langinn og fyrirséð var að matinu yrði ekki lokið fyrr en á árinu 2014 voru aðilar samkomulagsins sammála um að framlengja það um eitt ár. Ákvörðun um endanlega útsvarsprósentu sveitarfélaga vegna yfirfærslunnar var því frestað til ársins 2014 og kæmi til framkvæmda 1. janúar 2015.

Á grundvelli viðauka við samkomulag ríkis og sveitarfélaga um tilfærslu þjónustu við fatlaða frá 13. nóvember 2013 var útsvarshlutfall sveitarfélaga hækkað á árinu 2014 um 0,04 prósentustig eða úr 14,48% í 14,52% og tekjuskattshlutfall ríkisins lækkað samsvarandi. Tekjurnar vegna hækkunar útsvarsins runnu óskiptar til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og hækkuðu hlutdeild sjóðsins vegna yfirfærslunnar úr 0,95% í 0,99%.

Þegar fyrirséð var að matið mundi enn dragast á langinn var gerð breyting á 1. og 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða, nr. XVI, í lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum, sem tryggði einnig 0,99% hlutdeild Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í álagningarstofni útsvars á árinu 2015 til jöfnunar vegna málefna fatlaðs fólks.

## Yfirfærsla á málefnum fatlaðs fólks

**Reglugerð nr. 242/2014**
Þann 1. janúar 2014 tók gildi reglugerð, nr. 242/2014, um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2014. Jafnframt féll úr gildi reglugerð, nr. 623/2013, um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2013.

Á árinu 2014 lauk innleiðingu jöfnunarkerfisins sem hófst á árinu 2012. Á grundvelli ákvæða í 3. gr. reglugerðar, nr. 242/2014, og ákvæða í samkomulagi ríkis og sveitarfélaga um yfirfærsluna frá 23. nóvember 2010 var útreikningur almennra framlaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2014 með eftirfarandi hætti:

- 80% framlaga skiptust hlutfallslega miðað við niðurstöðu mælinga á útgjaldaþörf (SIS-mats).
- 20% framlaga skiptust hlutfallslega miðað við áætlaðan útsvarsstofn sveitarfélaga á árinu 2014.

Í nýrri reglugerð á árinu 2014 var bætt við grein, 4. gr., er heimilar greiðslu á árinu á sérstökum viðbótarframlögum til þjónustusvæða/sveitarfélaga, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga. Framlaginu er ætlað að koma til móts við þau svæði þar sem hlutfallsleg lækkun framlaga, milli áranna 2013 og 2014, sbr. 3. gr. Reglugerðarinnar er veruleg og um íþyngjandi kostnað þjónustusvæða/sveitarfélaga er að ræða við rekstur málaflokksins á árinu umfram tekjur.

Að tillögu ráðgjafarnefndar sjóðsins nam sérstaka viðbótarframlagið 175 m.kr. á árinu 2014.

Úthlutanir framlaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2015 fara fram á grundvelli reglugerðar nr. 631/2015.

## Notendastýrð persónuleg aðstoð – NPA

Á grundvelli 6. gr. reglugerðar um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2014, nr. 242/2014, greiddi Jöfnunarsjóður sveitarfélaga þjónustu-svæðum/sveitarfélögum framlög á árinu 2014 vegna samninga þeirra við fatlað fólk um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA).

Á árinu 2014 sóttu 10 þjónustusvæði um framlag vegna 51 samnings og nam heildar-fjárhæð þeirra 577,7 m.kr. Að teknu tilliti til 20% kostnaðarhlutdeildar Jöfnunarsjóðs nam úthlutað framlaga vegna NPA á árinu 2014 samtals 115,5 m.kr. Samningum á milli áranna 2013 og 2014 fækkaði um 5.

Á árinu 2014 var verkefnið fjármagnað með óráðstöfuðum fjárveitingum úr ríkissjóði til Jöfnunarsjóðs sem ætlaðar voru til verkefnisins á árunum 2011 – 2013. Svo mun einnig verða á árinu 2015 að viðbættu sérstöku framlagi frá ríki að fjárhæð 65,0 m.kr.

Upprunalega var tilraunaverkefnið um notendastýrða persónulega aðstoð ætlað til 3ja ára. Verkefnið hefur nú verið framlengt til ársloka 2016. Á árinu 2014 hófst vinna við faglegt og fjárhagslegt mat á verkefninu og á því að vera lokið eigi síðar en um áramótin 2015/2016.

**Framlög vegna NPA árið 2014**

| Þjónustusvæði | Fjöldi samninga | Heildarfjárhæðir samninga | Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga (20%) |
|---|---|---|---|
| Reykjavíkurborg | 14 | 215.426.683 | 43.085.337 |
| Kópavogsbær | 1 | 24.528.000 | 4.905.600 |
| Garðabær | 4 | 42.698.520 | 8.539.704 |
| Hafnarfjarðarkaupstaður | 5 | 74.090.028 | 14.818.006 |
| Mofellsbær | 10 | 79.742.688 | 15.948.538 |
| Vesturland | 1 | 25.509.120 | 5.101.824 |
| Norðurland vestra | 8 | 24.021.660 | 4.804.332 |
| Eyjafjörður | 5 | 52.094.448 | 10.418.890 |
| Suðurland | 2 | 14.938.668 | 2.987.734 |
| Vestmannaeyjar | 1 | 24.696.000 | 4.939.200 |
| | **51** | **577.745.815** | **115.549.163** |

## Mat á stuðningsþörf – samræmt mat á landsvísu

Það var niðurstaða verkefnisstjórnar sem hafði veg og vanda að undirbúningi yfirfærslu á málefnum fatlaðs fólks að *Supports Intensity Scale* (SIS) væri álitlegasta matið sem í boði væri til notkunar í þeim tilgangi að meta stuðningsþarfir fatlaðs fólks. Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins er leyfishafi matsins hér á landi og hefur séð um framkvæmd matsins í samráði við innanríkisráðuneytið (Jöfnunarsjóð sveitarfélaga) og velferðarráðuneytið. Greiningar- og ráðgjafarstöðin hefur jafnframt verið í samstarfi við aðila innan Háskóla Íslands vegna úrvinnslu gagna og annarra þátta í tengslum við matið.

Mat á stuðningsþörf (SIS) er þróað af bandarísku samtökunum AAIDD (American Association on Intellectual and Developmental Disabilities) til að meta stuðningsþörf fólks með þroskahömlun og skyldar raskanir. Samtökin hafa lagt ríka áherslu á það við þróun matsins að þörf fyrir stuðning sé ætlað að höfða til margvíslegra bjarga og aðferða sem gera fólki með fatlanir kleift að lifa við eðlilegar aðstæður í samfélaginu. Það er því haft að leiðarljósi að forðast að steypa fatlað fólk í fyrirfram gert „mót“ sem skilgreinir þjónustu út frá fötlunargreiningu.

Mat á stuðningsþörf (SIS) var gefið út árið 2004 en hópur fræðimanna hafði unnið að þróun þess um margra ára skeið. Markmið með hönnun matstækisins er að meta á hlutlægan máta stig eða umfang þess stuðnings sem fólk með fötlun þarfnast til að geta lifað sem eðlilegasta lífi í samfélaginu. Telja höfundar SIS að um sé að ræða fyrsta matstæki sinnar tegundar sem styðst við jákvæða nálgun til að meta stuðningsþarfir fatlaðs fólks. Matstækið tekur mið af þörfum einstaklingsins fremur en göllum (deficit), eða því sem hann skortir, sem grundvöll ákvörðunar um nauðsynlegan stuðning til að geta lifað innihaldsríku, sjálfstæðu lífi með fullri þátttöku í samfélaginu óháð fötlun. Jafnframt er mat á stuðningsþörf (SIS) hannað með það markmið í huga að unnt sé að nota kerfið til að þróa einstaklingsbundnar, persónumiðaðar þjónustuáætlanir.

Á árunum 2009 – 2013 var framkvæmt mat á um 1.350 einstaklingum og á síðasta ári um 120 einstaklingum sem voru að koma nýir inn í þjónustu þess árs. Samtals hefur því verið framkvæmt mat á um 1.470 einstaklingum.

Samkvæmt samningum ríkis og sveitarfélaga um yfirfærsluna var ákveðið að í lok reynslutímabilsins yrði framkvæmt endurmat á þeim einstaklingum sem voru metnir í upphafi. Ljóst er að breytingar kunna að hafa orðið á upprunalega matinu hjá þjónustunotendum og því geta nýjar niðurstöður haft mikla þýðingu fyrir fjárveitingar til þjónustusvæða. Til að komast að raun um þessar breytingar var nauðsynlegt að endurmeta allan hópinn.

Á árinu 2014 hófst vinna við endurmat á tæplega 800 einstaklingum. Vinnu við það lauk í nóvember 2014 og hafði niðurstaðan áhrif á framlög ársins.

Unnið er að fræðilegri úttekt á vegum Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins á niðurstöðum endurmatsins en ljóst er að breytingar á matinu geta verið háðar fötlun, kyni og aldri svo eitthvað sé nefnt. Þannig fást t.d. svör við eftirfarandi spurningum: Hjá hverjum verða breytingar á stuðningsþörf, hjá hverjum breytist hún mest og hverjum minnst? Eru einhver ákveðin atriði sem geta sagt fyrir um breytingar á stuðningsþörf? Svör við þessum spurningum ættu að gefa vísbendingar um hversu oft þurfi að framkvæma endurmat.

Frá innleiðingu jöfnunarkerfisins hefur það verið veikleiki þess að vantað hefur áreiðanlegt mat á stuðningsþörf barna. Barnaútgáfa SIS (Children´s SIS) hefur verið þróuð á undanförnum árum af aðalhöfundum SIS fyrir fullorðna. Matið nær til barna á aldrinum 6-18 ára en með barnaútgáfu SIS fæst hlutlæg og víðtæk mæling á stuðningsþörf fatlaðra barna. Þýðing og staðfæring matsins liggur fyrir hér á landi en vinna við stöðlun þess hefst nú í haust á grundvelli samnings milli Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins, innanríkisráðuneytisins, vegna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, og velferðarráðuneytisins. Barnaútgáfa SIS verður notuð vegna þeirra barna sem tilheyra þeim þætti jöfnunarinnar sem tengist yfirfærslu á málaflokknum frá ríki til sveitarfélaga. Jafnframt er matinu ætlað að koma í stað vinnu- og viðmiðunarreglna Jöfnunarsjóðs við úthlutun framlaga vegna sérþarfa fatlaðra grunnskólabarna.

## Endurmati að ljúka á yfirfærslu málaflokks fatlaðs fólks

Vinna við endurmat á yfirfærslu málefna fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga er nú á lokastigi og verða niðurstöður verkefnisstjórnar kynntar í ítarlegri skýrslu innan tíðar. Endurmatið hefur staðið yfir í rétt liðlega tvö ár eða frá sumarbyrjun 2013. Í skýrslu verkefnisstjórnar um endurmatið er farið yfir þróun málaflokksins frá yfirfærslu, bæði varðandi hina ýmsu þjónustuþætti og rekstrarlega afkomu.

Í verkefnisstjórninni, sem starfaði í nánu samstarfi við samráðsnefnd um málefni fatlaðs fólks, áttu sæti Einar Njálsson formaður frá velferðarráðuneytinu, Elín Pálsdóttir og Guðni Geir Einarsson frá innanríkisráðuneytinu/Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, Björn Þ. Hermannsson og Viðar Helgason frá fjármála- og efnahagsráðuneyti og þeir Karl Björnsson og Tryggvi Þórhallsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Verkefnisstjóri var Lúðvík Geirsson og síðar komu til samstarfs við verkefnisstjórnina þau Soffía Gísladóttir, formaður samráðsnefndar um málefni fatlaðs fólks, og Stefán Eiríksson frá Reykjavíkurborg.

Í samkomulagi milli ríkis og sveitarfélaga frá nóvember 2010 um yfirfærslu málaflokks fatlaðs fólks var sérstakt ákvæði um að á árinu 2014 skyldi fara fram sameiginlegt mat ríkis og sveitarfélaga á faglegum og fjárhagslegum árangri yfirfærslunnar. Ef í ljós kæmi við matið veruleg röskun á forsendum yfirfærslunnar skyldu teknar upp viðræður aðila um nauðsynlega leiðréttingu. Í viðauka með samkomulaginu var m.a. vísað til fjárhagslegra óvissuatriða sem kæmu upp við gerð þess kostnaðarmats sem lagt var til grundvallar við samningsgerð um fjárhagsramma yfirfærslunnar.

Endurmatstímabilið náði til áranna 2011 – 2013 en í skýrslu verkefnisstjórnar er einnig tekið mið af þjónustu og rekstrarafkomu ársins 2014. Ákveðið var að færa vinnu við matið aftur um eitt ár og hafa þannig lengri viðmiðunartíma til samanburðar varðandi þróun þjónustu og rekstrar. Þá er einnig horft til þróunar og breytinga sem hafa orðið í málaflokknum á undanförnum árum. Fjölmargar skýrslur og úttektir hafa verið unnar í góðu samráði við sveitarfélögin og þjónustusvæðin, ráðuneyti og hagsmunasamtök fatlaðs fólks.

Í skýrslu verkefnisstjórnar sem nú er í lokavinnslu er m.a. fjallað um aðdraganda, forsendur og ákvæði samninga um yfirfærslu málaflokksins, þær fjölmörgu lagabreytingar sem gera þurfti samhliða yfirfærslunni og einnig er gerð grein fyrir nýjum og breyttum reglugerðum og sérstökum samþykktum sem fylgdu í kjölfar yfirfærslunnar. Þá er gerð grein fyrir innleiðingarferli og starfi samráðsnefndar og helstu umfjöllunarefnum sem komu á borð verkefnisstjórnar.

Einn lykilþáttur skýrslunnar er umfjöllun um þá fjárhagslegu þætti sem snúa að yfirfærslunni en gerð er ítarleg grein fyrir afkomunni á viðmiðunartímabilinu 2011 – 2013 og jafnframt er í skýrslunni uppgjör fyrir rekstrarárið 2014. Þá er einnig gerð grein fyrir útgjaldaþróun í málaflokknum á umliðnum árum í samanburði við tekjur ríkis og sveitarfélaga, áhrifum úttektar séreignarsparnaðar á tekjur sveitarfélaga, stjórnunarkostnaði og fleiri fjárhagsleg atriði eru skoðuð og metin.

Sérstakt yfirlit er um allar úttektir og skýrslur sem unnar voru um endurmatið og gerð er grein fyrir einstökum sértækum efnisþáttum, s.s. atvinnumálum fatlaðs fólks og tilraunaverkefninu um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA). Staða og þróun í búsetumálum fatlaðs fólks fær sérstaka umfjöllun. Þá er fjallað um þróun launakostnaðar í málaflokknum á endurmatstímabilinu og teknar saman lykilniðurstöður um fjölda og fjölgun þjónustuþega og þróun einstakra þjónustuþátta. Einnig er gerð grein fyrir stjórnsýslulegum þáttum sem tengjast yfirfærslunni.

Hlutverk og staða Jöfnunarsjóðs, bæði fyrir og eftir yfirfærslu málaflokksins, fær umtalsverða umfjöllun í skýrslunni. Jöfnunarsjóður hefur gegnt afar mikilvægu hlutverki varðandi útfærslu á nýju jöfnunarkerfi sem byggist m.a. á svokölluðu SIS-mati sem Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins hefur unnið fyrir sjóðinn. Öll fjárhagsleg útfærsla kerfisins og útreikningar framlaga eru á hendi Jöfnunarsjóðs en langstærsti hluti fjárveitinga til málaflokksins fer í gegnum jöfnunarkerfið. Þá var það einnig hlutverk Jöfnunarsjóðs að halda utan um þær eignir sem áður heyrðu undir Framkvæmdasjóð fatlaðra og Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga yfirtók við yfirfærsluna.

Heildarmat og tillögur verkefnisstjórnar eru birtar í lok skýrslunnar og er þar víða komið við varðandi mat á stöðu og framtíðarsýn í málaflokknum. Ljóst er að töluverð raunfjölgun þjónustuþega hefur átt sér stað á undanförnum árum og samhliða því aukning í þjónustu og þjónustuþörf. Þá hefur breytt skipan í búsetumálum með fækkun herbergjasambýla haft í för með sér aukningu í sértækri þjónustu. Einnig er í niðurstöðum tekið á ýmsum þeim þjónustumálum sem hafa fallið undir svokallað „grátt svæði" og horft til þeirrar uppbyggingar sem framundan er í búsetumálum. Í greiningunni kemur fram að fjárhagsleg afkoma var nokkurn veginn í jafnvægi þegar horft er til áranna 2011–2013 í heild en umtalsverður halli var á rekstri málaflokksins á árinu 2014.

Í skýrslunni er komið á framfæri margvíslegum ábendingum til bæði sveitarfélaga og ráðuneyta. Varðandi hlutverk og stöðu Jöfnunarsjóðs er m.a. lagt til að flýtt verði sem kostur er upptöku SIS-mats fyrir börn og unglinga og reglugerð vegna jöfnunaraðgerða verði endurskoðuð tímanlega fyrir komandi ár. Þá verði skoðuð sérstaklega áhrif svonefndrar „33% reglu" við útreikning framlaga og mögulegrar breytingar á skiptireglu framlaga úr sjóðnum. Jafnframt er lagt til að skoðaður verði sá möguleiki að leggja til hliðar fjármagn vegna sveiflujöfnunar til að mæta íþyngjandi breytingum á fjárframlögum til einstakra svæða milli ára.

## Skipan ráðgjafarnefnda Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

**Aðalmenn**
**1990 – 1994**
Húnbogi Þorsteinsson skrifstofustjóri í félagsmálaráðuneyti, formaður
Ólafur Kristjánsson, bæjarstjóri í Bolungarvíkurkaupstað
Valgarður Hilmarsson, oddviti í Engihlíðarhreppi
Ásgeir Magnússon, bæjarstjóri í Neskaupstað
Magnús Karel Hannesson, oddviti í Eyrarbakkahreppi

**1994 – 1998**
Húnbogi Þorsteinsson skrifstofustjóri í félagsmálaráðuneyti, formaður
Ólafur Kristjánsson, bæjarstjóri í Bolungarvíkurkaupstað
Valgarður Hilmarsson, oddviti í Engihlíðarhreppi
Gísli Sverrir Árnason, bæjarfulltrúi í Hornafjarðarbæ
Magnús Karel Hannesson, oddviti í Eyrarbakkahreppi

**1998 – 2002**
Húnbogi Þorsteinsson skrifstofustjóri í félagsmálaráðuneyti, formaður
Ólafur Kristjánsson, bæjarstjóri í Bolungarvíkurkaupstað
Valgarður Hilmarsson, oddviti í Engihlíðarhreppi
Gísli Sverrir Árnason, forseti bæjarstjórnar í Sveitarfélaginu Hornafirði
Ingunn Guðmundsdóttir, formaður bæjarráðs í Sveitarfélaginu Árborg

**2002 – 2006**
Húnbogi Þorsteinsson, fyrrv. skrifstofustjóri, formaður 2002 – 2004
Herdís Á. Sæmundardóttir varaþingmaður, formaður 2005 – 2006
Halldór Halldórsson, bæjarstjóri í Ísafjarðarbæ
Valgarður Hilmarsson, forseti bæjarstjórnar í Blönduóssbæ
Guðmundur Bjarnason, bæjarstjóri í Fjarðabyggð
Ingunn Guðmundsdóttir, sveitarstjóri í Skeiða- og Gnúpverjahreppi

**2006 – 2010**
Herdís Á. Sæmundardóttir varaþingmaður, formaður 2006 – 2007
Guðmundur Bjarnason, fyrrv. bæjarstjóri í Fjarðabyggð, formaður 2008 – 2010
Sigríður Finsen, forseti bæjarstjórnar í Grundarfjarðarbæ
Valgarður Hilmarsson, forseti bæjarstjórnar í Blönduóssbæ
Hermann Jón Tómasson, formaður bæjarráðs í Akureyrarkaupstað
Páley Borgþórsdóttir, formaður bæjarráðs í Vestmannaeyjabæ

**2010-2014**
**Aðalmenn**
Guðmundur Bjarnason, fyrrv. bæjarstjóri í Fjarðabyggð, formaður
Björk Þorsteinsdóttir, bæjarfulltrúi í Reykjanesbæ
Bjarni Jónsson, sveitarstjórnarfulltrúi í Sveitarfélaginu Skagafirði
Hermann Jón Tómasson, bæjarfulltrúi í Akureyrarkaupstað*
Þórunn Egilsdóttir, alþingismaður og sveitarstjórnarmaður í Vopnafjarðarhreppi
*Árni Rúnar Þorvaldsson, bæjarfulltrúi í Sveitarfélaginu Hornafirði og varamaður Hermanns, tók sæti hans í nefndinni veturinn 2012 – 2013.

**Varamenn**
Jórunn Einarsdóttir, bæjarfulltrúi í Vestmannaeyjabæ, varaformaður
Bryndís Haraldsdóttir, bæjarfulltrúi í Mosfellsbæ
Halla Sigríður Steinólfsdóttir, sveitarstjórnarmaður í Dalabyggð
Árni Rúnar Þorvaldsson, bæjarfulltrúi í Sveitarfélaginu Hornafirði
Albertína Elíasdóttir, bæjarfulltrúi í Ísafjarðarbæ

**2014-2018**
**Aðalmenn**
Guðný Sverrisdóttir, fyrrv. sveitarstjóri í Grýtubakkahreppi, formaður
Birgir Björn Sigurjónsson, fjármálastjóri Reykjavíkurborgar
Karen E. Halldórsdóttir, bæjarfulltrúi í Kópavogsbæ
Bjarni Jónsson, sveitarstjórnarfulltrúi í Sveitarfélaginu Skagafirði
Sigríður Huld Jónsdóttir, bæjarfulltrúi í Akureyrarkaupstað
Valdimar O. Hermannsson, bæjarfulltrúi í Fjarðabyggð
Ásgerður Gylfadóttir, bæjarfulltrúi í Sveitarfélaginu Hornafirði

**Varamenn**
Ólafur G. Adolfsson, bæjarfulltrúi í Akraneskaupstað, formaður
Halldóra Káradóttir, skrifstofustjóri á fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar
Bryndís Haraldsdóttir, bæjarfulltrúi í Mosfellsbæ
Kristján Andri Guðjónsson, bæjarfulltrúi í Ísafjarðarbæ
Sveinn Pálsson, sveitarstjóri í Dalabyggð
Soffía Helgadóttir, bæjarfulltrúi í Norðurþingi
Ólafur Þór Ólafsson, bæjarfulltrúi í Sandgerðisbæ

## Ráðgjafarnefnd Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs 2011 - 2015

**Aðalmenn**
Lúðvík Geirsson verkefnisstjóri, formaður
Áslaug María Friðriksdóttir, borgarfulltrúi í Reykjavík
Tryggvi Þórhallsson, lögfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði Sambands ísl. Sveitarfélaga

**Varamenn**
Hörður Hilmarsson, skrifstofustjóri fjármála og reksturs á velferðarsviði Reykjavíkurborgar
Gyða Hjartardóttir, félagsmálafulltrúi á lögfræði- og velferðarsviði Sambands ísl. Sveitarfélaga

## Vinnuhópur vegna heildarendurskoðunar á reglum Jöfnunarsjóðs

Hermann Sæmundsson skrifstofustjóri
Jóhannes Á. Jóhannesson, sérfræðingur hjá Sambandi ísl. sveitarfélaga
Kristinn Jónasson bæjarstjóri
Bergur Sigurjónsson sérfræðingur
Guðni Geir Einarsson sérfræðingur
Elín Pálsdóttir forstöðumaður

## Starfsmenn

Elín Pálsdóttir forstöðumaður
Elín Gunnarsdóttir sérfræðingur
Guðni Geir Einarsson sérfræðingur
Halldór V. Kristjánsson stjórnsýslufræðingur
Bergur Sigurjónsson sérfræðingur

## Vefur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Á vefsíðu Jöfnunarsjóðs, jofnunarsjodur.is, er að finna allar upplýsingar um starfsemi sjóðsins, lagagrundvöll, tekjur, úthlutanir framlaga og fleira.

Fréttatilkynningar birtast á vefnum þegar ráðherra hefur samþykkt tillögur ráðgjafarnefndar um úthlutanir einstakra framlaga sjóðsins.

## Þróun verkefna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga hefur starfað óslitið frá árinu 1937. Umsvif sjóðsins hafa breyst mikið í gegnum tíðina. Við gildistöku breyttrar verkaskiptingar ríkis og sveitarfélaga 1. janúar 1990 hafði farið fram umtalsverð endurskoðun á starfsemi sjóðsins er fólst einkum í því að jöfnunarhlutverk hans var aukið til muna. Stærstu breytingar sem gerðar hafa verið á sjóðnum frá þeim tíma tengjast yfirfærslu alls grunnskólakostnaðar frá ríki til sveitarfélaga 1. ágúst 1996 og yfirfærslu á málefnum fatlaðs fólks 1. janúar 2011. Þar að auki hafa sjóðnum verið falin ýmiss önnur verkefni í gegnum tíðina þó þau séu ekki eins umfangsmikil og yfirfærslurnar. Helstu verkefni sjóðsins sl. 25 ár eru sem hér segir:

*Árið 1990*
Þann 1. janúar 1990 tók Jöfnunarsjóður sveitarfélaga til starfa í sinni núverandi mynd. Verkefni sjóðsins voru þá bundin framlög sem greidd eru til samtaka sveitarfélaga og stofnana þeirra, framlög til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga, framlög til að greiða úr sérstökum fjárhagserfiðleikum sveitarfélaga, framlög til kostnaðarsamra stofnframkvæmda hjá sveitarfélögum sem hafa færri en 2.000 íbúa, framlög til sveitarfélaga með færri en 2.000 íbúa vegna skólaaksturs úr dreifbýli, gæslu og reksturs heimavista, tekjujöfnunarframlög, þjónustuframlög og framlög til reksturs tónlistarskóla.

*Árið 1995*
Þann 1. janúar 1995 fengu sveitarfélög heimild til greiðslu húsaleigubóta. Jöfnunarsjóði var falið að koma kostnaðarhlutdeild ríkisins í þeim greiðslum til skila til sveitarfélaganna. 1. janúar 1998 tóku gildi lög um húsaleigubætur. Með lögunum varð sveitarfélögum skylt að greiða húsaleigubætur væri eftir því leitað. Við gildistöku laganna jókst umfang verkefnisins til muna.

*Árið 1996*
Þann 1. ágúst 1996 fluttist grunnskólinn yfir til sveitarfélaganna á grundvelli samkomulags ríkis og sveitarfélaga. Jöfnunarsjóði var falið að koma þeim fjármunum, sem yfirfærslunni fylgdu, til skila til sveitarfélaganna. Til greiðslu úr Jöfnunarsjóði komu eftirfarandi framlög: Almenn framlög til reksturs grunnskóla, framlög vegna sérþarfa fatlaðra grunnskólanemenda, framlög vegna nýbúafræðslu, framlög vegna veikindaforfalla og barnsburðarleyfa kennara, framlög til Skólabúða að Reykjum og önnur framlög er tengdust yfirfærslu grunnskólans. Framlög vegna tónlistarskóla voru afnumin.

Á árinu 1996 tók ráðstöfunarfjármagn Jöfnunarsjóðs til greiðslu framlaga vegna yfirfærslu grunnskólans mið af beinum framlögum frá ríki. Á árinu 1997 breyttust tekjur sjóðsins vegna yfirfærslunnar úr beinum framlögum frá ríki í 0,77% hlutdeild í álagningarstofni útsvars.

*Árið 1997*
Á grundvelli lagaáforma um einsetningu grunnskólans fyrir árið 2002 var Jöfnunarsjóði falið að hafa milligöngu um úthlutun stofnframlaga frá ríki til sveitarfélaga með fleiri en 2000 íbúa. Ríkið kom að verkefninu til ársins 2001 en verkefnið var framlengt út árið 2005. Um 3 milljörðum króna var veitt til einsetningar grunnskólans í sveitarfélögum með fleiri en 2.000 íbúa á tímabilinu í gegnum Jöfnunarsjóð til viðbótar við þau framlög sem runnu úr Jöfnunarsjóði til stofnframkvæmda í minni sveitarfélögum.

*Árin 1999 – 2001*
Árlega á árunun 1999 – 2001 greiddi ríkissjóður sérstakt aukaframlag í Jöfnunarsjóð að fjárhæð 700 m.kr. Framlaginu var ætlað að vera til frekari stuðnings við rekstur sveitar-félaga. Jöfnunarsjóði var falið að koma framlaginu til skila til sveitarfélaga á grundvelli sérstakra reglna sem félagsmálaráðherra setti í samráði við Samband íslenskra sveitar-félaga. Slík aukaframlög komu einnig til greiðslu á árunum 2003, 2004 og á árunum 2006 – 2012 en fjárhæð þeirrra var breytileg milli ára.

*Árið 2001*
Þann 1. janúar 2001 tók gildi sú breyting að álagningarstofn fasteignaskatts varð miðaður við fasteignamat íbúða eins og það er á viðkomandi svæði en ekki framreikn-aðan stofn frá Reykjavík eins og verið hafði. Við það misstu sveitarfélögin utan höfuð-borgarsvæðisins umtalsverðar tekjur og var Jöfnunarsjóði falið að koma framlögum frá ríki til skila til sveitarfélaga vegna tekjutapsins.

*Árið 2003*
Á árinu 2003 voru þjónustuframlög sjóðsins og framlög vegna skólaaksturs úr dreifbýli sameinuð í útgjaldajöfnunarframlög sjóðsins. Framlögin vegna skólaksturs úr dreifbýli falla nú undir B-deild útgjaldajöfnunarframlaganna. Á árinu 2003 féllu niður sérstök framlög vegna veikindaforfalla og barnsburðarleyfa.

*Árið 2005*
Á árinu 2005 hófst nýtt sameiningarátak ríkis og sveitarfélaga. Umtalsverðum fjármun-um var veitt til átaksins á árunum 2006 til 2010 með aðkomu Jöfnunarsjóðs eða rúmlega 2,2 milljörðum króna á grundvelli ýmissa framlaga. Aðkoma ríkissjóðs að sameiningu sveitarfélaga áður hafði aðallega tekið mið af framlögum til jöfnunar á skuldastöðu sveitarfélaga.

*Árið 2006*
Þann 1. janúar 2006 féllu niður stofnframlög til sveitarfélaga úr Jöfnunarsjóði sveitar-félaga. Einsetningarátakinu hjá stóru sveitarfélögunum hafði verið markaður ákveðinn tími en hvað stofnframlög til minni sveitarfélaga varðar þá voru þau í upphafi hugsuð sem tímabundin ráðstöfun og mjög hafði dregið úr þörfinni fyrir framlögin. Áfram er þó gert ráð fyrir framlögum vegna nauðsynlegra stofnframkvæmda við grunn- og leikskóla-mannvirki í kjölfar sameininga sveitarfélaga.

*Árið 2008*
Þann 1. apríl 2008 tók gildi samkomulag ríkisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga um húsaleigubætur. Á grundvelli samkomulagsins voru grunnfjárhæðir almennra húsaleigu-bóta hækkaðar og teknar upp sérstakar húsaleigubætur. Jöfnunarsjóði var falið að koma 60% kostnaðarhlutdeild ríkisins á grundvelli samkomulagsins til skila til sveitarfélaganna. Aðlögun að nýjum húsnæðisbótum hófst á árinu 2013 og sjóðnum var falið að útdeila því viðbótarframlagi til sveitarfélaga sem fylgir þeirri aðlögun.

*Árið 2010*
Þann 1. janúar 2010 tók gildi hækkun á tryggingagjaldi úr 7,0% í 8,65%. Jöfnunarsjóði var falið að útdeila fjármunum frá ríki með sérstöku framlagi sem kom til móts við sveitarfélögin vegna þessarar hækkunar. Framlagið var aðeins til útdeilingar á árinu 2010.

*Árið 2011*
Þann 1. janúar 2011 voru málefni fatlaðs fólks flutt yfir til sveitarfélaganna. Jöfnunasjóði var falið að koma þeim fjármunum, sem yfirfærslunni fylgdu, til skila til þjónustu-svæða/sveitarfélaga. Til greiðslu úr Jöfnunarsjóði komu almenn framlög vegna þjónustu við fatlað fólk, framlög vegna breytingakostnaðar, framlög vegna notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar (NPA), framlög vegna lengdrar viðveru og önnur framlög er tengdust yfirfærslu á málefnum fatlaðs fólks.

Á árinu 2011 tók gildi samkomulag ríkis og sveitarfélaga um eflingu tónlistarfræðslu og jöfnun á aðstöðumun nemenda til námsins. Jöfnunarsjóði var falið að útdeila þeim fjármunum, sem því verkefni fylgdu, til sveitarfélaga vegna kennslukostnaðar í tónlistarskólum. Tengt samkomulagi ríkis og sveitarfélaga um eflingu tónlistarfræðslu tók gildi samkomulag ríkis og sveitarfélaga um tímabundna breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga en á grundvelli þess samkomulags annast Jöfnunarsjóður sveitarfélaga innheimtu á hlutdeild hvers sveitarfélags í verkefnum sem ríkið hafði annast áður.


Þróun tekna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga
45.000.000.000
40.000.000.000
35.000.000.000
30.000.000.000
25.000.000.000
20.000.000.000
15.000.000.000
10.000.000.000
5.000.000.000
0
1990
1991
1992
1993
1994
1995
1996
1997
1998
1999
2000
2001
2002
2003
2004


Framlag til eflingar tónlistarfræðslu
Hlutdeild í útsvarsstofni vegna þjónustu við fatlað fólk
Ríkisframlag vegna þjónustu við fatlað fólk
Framlag vegna hækkunar á tryggingagjaldi
Samkomulag um húsaleigubætur
Sameiningarátak
Aukaframlag ríkissjóðs
Ríkisframlag vegna fasteignaskatts
Ríkisframlag vegna einsetningar grunnskóla
Hlutdeild í útsvarsstofni vegna grunnskóla
Ríkisframlag: beingreiðsla vegna skóla
Ríkisframlag vegna húsaleigubóta
Landsútsvar
Ríkisframlag almennt
2005
2006
2007
2008
2009
2010
2011
2012
2013
2014
Áætlað 2015

## Tekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Á grundvelli 8. gr. a. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum, eru Jöfnunarsjóði tryggðar tekjur með eftirfarandi hætti, sbr. 4. gr. reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, nr. 960/2010:

a. Framlag úr ríkissjóði er nemur 2,12% af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs.
b. Árlegt framlag úr ríkissjóði er nemur 0,264% af álagningarstofni útsvars næstliðins tekjuárs.
